

Efni: Svar við fyrirspurn um kostnað og áætlanir vegna framkvæmda í Bæjargarði.

1. Hver er núverandi staða á heildarkostnaði framkvæmda við Bæjargarðinn?

Svar:

Heildarkostnaður framkvæmda í Bæjargarði árin 2017 -2019 er nú kr. 129.004.100.

2. Óskað er eftir sundurliðun á kostnaði við Bæjargarðinn

Svar:

Sjá meðfylgjandi yfirlit.

3. Hver er áætlaður heildarkostnaður við Bæjargarðinn við verklok?

Svar:

Gert er ráð fyrir að ljúka öllum megin framkvæmdum í Bæjargarði á árinu 2019. Á fjárhagsáætlun 2019 er fjárveiting að fjárhæð kr. 75.000.000. Verði henni ráðstafað að fullu verður heildarkostnaður við Bæjargarðinn í árslok 2019 um 165-170 mkr.

4. Óskað er eftir afriti af framkvæmdaáætlun Bæjargarðs

Svar:

Á áætlun er að ljúka framkvæmdum við landmótun, stígagerð og blakvelli í Bæjargarði á árinu 2019. Í auglýsingu er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs þar sem lega stíga er uppfærð og stígar sýndir í samræmi við aðalskipulag. Á framkvæmdaráætlun 2019 er gert ráð fyrir fjárveitingu í stígagerð að fjárhæð 50,0 mkr. til viðbótar við fjárveitingu til framkvæmda í Bæjargarði.

Framkvæmdir við stígagerð eru háðar því að tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði staðfest. Í framhaldi af því verða framkvæmdirnar boðnar út. Framkvæmdir við landmótun og endanlegan frágang eru unnar af verktaka samkvæmt tilboði í framkvæmdir við þrjá íþróttavelli við Ásgarð og í Bæjargarði.

Sjá nánar meðfylgjandi uppdrátt varðandi endanlegan frágang landmótunar og stígagerð í Bæjargarði.